

Vinnuskólinn í Stykkishólmi

Vinnuskólinn starfar á vegum Stykkishólmsbæjar og heyrir undir tæknideild. Dagleg umsjón vinnuskólans er í höndum verkstjóra vinnuskóla. Vinnuskólinn er vinnustaður fyrir unglunga á aldrinum 13-16 ára, þ.e. nemendur úr 8. 9. og 10. bekk grunnskóla. Vinnuskólinn er starfræktur frá byrjun júní og fram í miðjan ágúst. Vinnutíminn er mismunandi eftir árgöngum.

Markmið vinnuskólans er að undirbúa unglunga fyrir vinnu áður en haldið er út á hinn almenna vinnumarkað og skapa hollt og uppbyggjandi sumarstarf fyrir unglunga í Stykkishólmsbæ. Lögð er áhersla á samskiptareglur, ástundun, vinnusemi og virðingu gagnvart vinnu, vinnufélögum, yfirmönnum og bæjarbúum. Einnig eru kynnt grundvallaratriði í vinnubrögðum og notkun verkfæra.

Vinnuskólinn er vímuefnalaus vinnustaður. Á þetta við um alla starfsmenn, jafnt fullorðna stjórnendur sem unglunga.

Þegar unglingur skráir sig í Vinnuskólann er litið svo á að hann sé að sýna áhuga á að taka þátt í starfinu í vinnuskólanum. Honum ber að vinna þau verkefni sem honum eru falin. Verkstjóri hefur heimild til að senda einstakling heim úr vinnu ef starfsmaður sinnir ekki þeim verkum sem fyrir hann eru lögð eða fer ekki eftir þeim reglum sem settar eru í vinnuskólanum. Skal verkstjóri hringja í forráðamenn og tilkynna ástæðu brottvikningar. Við sýndurtekin brot á reglum vinnuskólans getur verkstjóri vísað einstaklingi alfarið úr vinnuskólanum.

Í forvarnarstefnu Stykkishólmsbæjar kemur fram:

Vinnuskólinn leggur áherslu á:

Uppbyggjandi starf sem stuðli að jákvæðri sjálfsmynd, sjálfsvirðingu og sjálfsaga unglिंगanna. Þar er einnig lögð áhersla á:

- *Að stuðla að fræðslu á sviði forvarna og eiga gott samstarf við aðra aðila er að þeim málum koma í bæjarfélaginu.*
- *Að leiðbeinendur setji skýr mörk við neikvæðri hegðun og séu jákvæðar fyrirmyndir í leik og starfi.*
- *Að leiðbeinendur Vinnuskólans fái góða fræðslu um vímuvarnir og öryggismál og hlutverk þeirra sem góðar fyrirmyndir í þeim efnum.*
- *Að nemendur Vinnuskólans fái fræðslu um vímuvarnir og öryggismál og skynji upplýsingaskyldu Vinnuskólans til foreldra og forráðamanna.*
- *Að reglur verði settar um bann við notkun hvers konar vímuefna innan Vinnuskólans og hart fylgt eftir brotum þar á.*

- *Samkvæmt reglugerð um vinnu barna og unglunga nr. 426/1999 26. grein, mega sveitafélög ráða ungmenni 13 ára og eldri til starfa yfir sumartíma. Ungmennin mega einungis vinna létt verk og vinnutími er takmarkaður sbr. grein 27. Verkefni þau sem ungmennin mega vinna og þau verkfæri sem hver aldurshópur má nota eru útlistuð í viðaukum reglugerðarinnar. Vinnuskólanum er skylt að kynna foreldrum ráðningarkjör, þar með talið lengd vinnutíma sem og tíðni óhappa og slysa sem hugsanlega tengjast starfinu. Fyllsta öryggis þarf að gæta í vinnuskólum og leiðbeinendur þurfa að fá undirbúning um öryggismál áður en þeir hefja störf (gr. 26).*

- *Samkvæmt viðauka við ofangreinda reglugerð mega ungmenni undir 18 ára aldri ekki vinna með til dæmis vélknúnar trjáklippur, kjarrsagir, sláttuvélar og jarðtætara.*
- *15 ára og eldri mega vinna með garðsláttuvélar undir leiðsögn leiðbeinanda ásamt því að slá með vélorfi í gördum og aðstoða á gæsluvöllum og í skólagörðum svo eitthvað sé nefnt.*
- *13 og 14 ára mega hreinsa illgresi, gróðursetja, hreinsa gróðurbeð, raka eftir slátt og sinna annarri sambærilegri léttri garðvinnu. Þá mega þau vinna við blóm og grænmeti í gróðurhúsum, hreinsa, sópa og tína rusl, sinna málningarvinnu og fúavörn með umhverfissvænum efnum.*

Verkefni vinnuskólans:

Sláttur, viðhald og umhirða lóða við stofnanir Stykkishólmsbæjar, opin svæði, íþróttavöll, Hólmgarð og tjaldsvæði, þe. rakstur og hirðing, reytun beða, sópun plana, hreinsun rusls, lagfæring göngustíga, málun vegkanta, viðhald opinna leiksvæða eftir því sem á við. Auk þess mun vinnuskólinn sjá um, sé þess óskað, rakstur og hirðingu lóða fyrir örorku – og ellilífeyrisþega í samstarfi við Áhaldahúsið sem sér um lóðaslátt fyrir framangreinda aðila skv. gjaldskrá

Á starfstíma vinnuskólans er stefnt að því að halda sérstaka fræðsludaga. Um er að ræða t.d. fræðslu um umhverfismál og endurvinnslu, fræðslu um atvinnumál, réttindi og skyldur á vinnumarkaði, safnafræðslu og kynningu á listaverkum og merkjum byggingum í sveitarfélaginu, sögu sveitarfélagsins, forvarnarmál o.fl.

Vinnutími vinnuskólans er frá kl. 08-16 alla virka daga en flokkstjórar og verkstjóri starfa frá kl. 8-17. Yngsti árgangur vinnur 3 klst. á dag alla virka daga.

Verkstjóri vinnuskóla

Verkstjóri skal vera 20 ára eða eldri. Uppeldismenntun eða reynsla af störfum með börnum og unglingum er æskileg. Verkstjóri skipuleggur starf vinnuskólans og flokksstjórnanna í samvinnu við bæjarverkstjóra. Hann stýrir daglegum rekstri og ber ábyrgð á því að farið sé að settum reglum. Verkstjóri hefur umsjón með vinnuflokkum vinnuskólans, stjórnar og samræmir vinnuflokkana. Hann er í góðu daglegu sambandi við flokksstjóra og er næsti yfirmaður flokksstjóra. Hann gætir þess að flokkarnir hafi verkefni við hæfi og reynir að tryggja fjölbreytni verkefna. Hann hefur umsjón með verkfærum og áhöldum og annarri aðstöðu vegna starfsemi vinnuskólans. Verkstjóri heldur utan um tíma og mætingalista hjá flokkstjórum og þeim unglingum sem starfa við vinnuskólann. Verkstjóri sér til þess að garðúrgangur og annað sem tilheyrir vinnuflokkum sé fjarlæggt. Verkstjóri fer á milli vinnuhópa og kannar hvort allt sé í lagi og aðstoðar eftir þörfum og sækir verkfæri og annað sem til þarf eftir þörfum. Verkstjóri stýrir jafnframt einum vinnuhópi elstu krakkanna og hefur umsjón með honum. Verkstjóri skal gæta að öryggisatriðum og gæta þess að vinnusvæði séu afmörkuð þegar þess er þörf. Verkstjóri sér um að skipuleggja fræðsludaga í samvinnu við íþrótt – og tómstundafulltrúa.

Yfirmaður: Byggingarfulltrúi, bæjarstjóri

Flokksstjórar vinnuskóla

Flokksstjóri skal vera 18 ára eða eldri. Flokksstjóri stjórnar daglegu starfi síns vinnuflokks. Flokksstjóri er fyrirmynd unglínganna, vinnur með þeim og sýnir þeim hvernig standa skuli að verki. Flokksstjóri stuðlar að reglusemi, ástundun og góðri umgengni. Flokksstjóra ber að vera hjá sínum flokki á vinnutíma (þ.m.t. kaffítíma). Honum er ekki heimilt að skilja unglíngana eftir eftirlitslausu. Flokksstjóri fylgir vinnuhópi sínum á fræðsludögum.

Yfirmaður: Verkstjóri vinnuskóla.

Starfsmenn vinnuskóla

Aðrir starfsmenn vinnuskóla eru unglíngar á aldrinum 13-16 ára sem eru að ljúka 8. 9. og 10. bekk grunnskóla. Starfsmönnum ber að sýna hverjum öðrum virðingu og tillitssemi og vera sjálfum sér, vinnufélögum og vinnustað sínum til sóma. Mikil áhersla er lögð á stundvísi og ber starfsmönnum að mæta á réttum tíma, á réttum stað. Starfsmenn þurfa að hafa með sér nesti og vera klæddir í samræmi við veður. Vera með hlífðarföt og vinnuhanska. Gert er ráð fyrir því að starfsmenn séu á vinnustað í kaffipásam en fari ekki heim eða í burtu. Veikindi og önnur forföll á að tilkynna hið fyrsta til verkstjóra. Ætlast er til að forráðamenn tilkynni veikindi og önnur forföll. Notkun GSM síma til einkaareinda er bönnuð á vinnutíma

Yfirmaður: Flokkstjóri.